neato botvac connected

Frí heimsending

Mest verðlaunaðaryksuguvélmennið

I-heildverslun

Helluhraun 22 – Hafnarfirði- S: 555-2585

Facebook.com/neatorobot - www.neatorobot.is

AUSTURLAND

20. APRÍL 2016
8. tölublað 5. árgangur

Mynd Sigurður Ingólfsson

ÍSTEX®
ÍSLENSKUR TEXTÍLIÐNAÐUR HF.

Ullarmóttaka 2016

Ullarframleiðendur eru vinsamlega beðnir um að skila ull á móttökustöðvar og tilkynna innlegg til Ístex fyrir 1. júní 2016.

Hægt er að skrá á bændatorgi eða með tölvupósti: ull@istex.is og í síma 566-6300 eða 892-5670.

Ekki verður hægt að skila eða skrá ull eftir 1. júní.



Fánar og veifur í úrvali

fanar@fanar.is
s. 577 2020

FÁNASMIÐJAN

Er með mesta úrval fána á landinu, ef hann er ekki til ! búum við hann til.

www.fanar.is

MHG VERSLUN

Husqvarna

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

Vinavika í Tækniminjasafninu á Seyðisfirði

Tækniminjasafn Austurlands fjallar um sögu Íslands með áherslu á tæknivæðingu landsins frá um 1880 til dagsins í dag. Sýndir eru m.a. munir, minjar, hús, myndir og verkferlar. Vegna sérhæfingar okkar sem minjasafns er fjallar um nútímavæðingu þjóðarinnar er mikið um óvenjulegar vélar og búnað og aðrar menningarminjar sem ekki eru til sýnis í mörgum öðrum söfnum landsins. Tækniminjasafnið sýnir hvernig tæknibreytingar á fjölmörgum sviðum, t.d. véltækni, rafmagn, fjarskipti, samgöngur og byggingalist eru samofnar breytingum á lifnaðarháttum og umhverfi. Safnið er einnig byggðasafn Seyðfirðinga.

Haldin eru námskeið og sýningar auk þess sem við stundum rannsóknir og kennslu og tökum þátt í margvíslegu menningarstarfi og samstafsverkefnum. Sýningar eru lifandi og leitast við að endurvekja andrúm tímans sem fjallað er um. Safnasvæðið er jafnframt tilvalið útisvistarsvæði fyrir gönguferðir og samveru.

Lítil verslun er á safninu þar sem hægt er að fá bækur, sælgæti og minjagripi. Í Tækniminjasafninu stendur nú yfir vinavika, þar sem gestum og gangandi er boðið að taka þátt í því átaki sem hefur verið í gangi í heilt ár. Næstkomandi laugardag verður svo veisla fyrir alla, matur og tónlist fram eftir kvöldi. Tækniminjasafnið er einn af merkilegustu hlutunum á Seyðisfirði og er samt af nægu að taka. Pétur Kristjánsson hefur lagt gríðarlega vinnu í þetta safn og Austurland skellti sér yfir leiðfæra Fjarðarheiðina, fram og til baka í vorskafrenningi, tók með sér myndavélina og smellti aðeins af. Þegar ritstjórinn var að fara voru komnir nokkrir nemendur við Listaháskólann í Vín, sem voru komnir á fullt í að vinna við safnið, prenta verk sín, þar með á prentmaskínu Dieter Roth sem finnst þarna inni í sambúð með öðrum stórmerkilegum hlutum. Austurland hvetur fólk til að líta þarna við, þó ekki væri nema bara til að hitta Pétur, það er alltaf ævintýri út af fyrir sig.

Sigurður Ingólfsson



®polybale

Polybale er 5 laga hágæða plast sem hefur sannað sig á íslenskum markaði í 20 ár. Polybale er framleitt af Bpi.agri í Bretlandi sem er einn stærsti framleiðandi rúlluplasts í heiminum.

Polybale Pro er forstrekkt rúlluplast sem gerir það að verkum að hvert kefli nýtist á fleiri heyrúllur. Með því að forstrekkja plastið fæst 30% meira af plasti sem leiðir af sér lægri kostnað á hverja rúllu. Þó svo plastið sé þynnra en heföbundið, heldur það góðum eiginleikum í einangrun, styrk og slitþoli.

Kostir Polybale Pro

- Meira plast per kefli
- Engar frekari stillingar á tækjum
- Sannreynt af fagaðilum víða um Evrópu
- Umhverfisvænt (minni úrgangur)
- Sparar tíma og fjármagn

Ráðlagður fjöldi umferða: 6
Ráðlögð forstrekking: 70%

Verð

Plast	Verð án vsk.
Polybale 750 –Hvítt	10.900 kr.
Polybale 750 – Grænt	10.900 kr.
Polybale 750 – Svart	10.800 kr.
Polybale 500 – Hvítt	9.900 kr.
Polybale Pro 750 – Hvítt	12.800 kr.
Net - Cordex Agri	
Rúllunet 3600m	25.900 kr.
Rúllunet 4200m	29.900 kr.
Aðrar vörur	
Bindigarn	5.900 kr.
Stórbaggagarn	7.900 kr.
Agribale plast fyrir net	29.900 kr.

Sölumenn

Reykjavík
Aron Baldursson
sími: 444 3009
gsm: 840 3009
aron@skeljungur.is

Borgarfjörður, Kjós og Hvalfjörður
Einar Guðmann Örnólfsson
Sigmundarstöðum
gsm: 862 5075
einargudmann@vesturland.is

Austurland
Steinn Björnsson
Þernunesi
gsm: 896 0314
steinnb@visir.is

Norðausturland
Hallgrímur Hallsson
sími: 464 1067
gsm: 893 4094
hallgrimurh@simnet.is

Snæfellsnes og Mýrar
Sigurjón Helgason
Mel, Mýrum
gsm: 867 8108
melur@emax.is

Höfn
Eyjólfur Kristjónsson
Ási
gsm: 840 8871
harpaey@simnet.is

Norðvesturland og Eyjafjörður
Bændaþjónustan
Eymundur Þórarinsson
Saurbæ, Skagafirði
gsm: 892 8012
eymundur@saurbaer.is

Suðurland
Búaðföng
Lúðvík Bergmann
Stórólfsvöllum
sími: 487 8888
gsm: 896 9980
bu@bu.is

Dalir
Sigurður Sigurbjörnsson
Búðardalur
gsm: 840 3051
ssi@skeljungur.is

Eyjafjörður
Þórarinn Ingi Pétursson
Grund
gsm: 899 3236
grytubakki@gmail.com

Skeljungur

www.skeljungur.is

MYNDASÍÐAN

Myndir: Marínó Flóvent

Marínó Flóvent er ljósmyndari og fyrrum Fellbæingur. Myndir hans einkennast sumar af vissri dulúð og að því er virðist daufum litum en með samspili ljóss og skugga nær hann mjög sérkennilegri blöndu af mýkt og andstæðum. Marínó Flóvent er ljósmyndari blaðsins í dag

LEIÐARI

Nokkur orð um orð um orð og fjall

Stundum verður maður svo hissa. Ég er nefnilega haldinn þeirri trú á mannskepnuna að í henni búi alltaf eitthvað gott, gjöfult og fram færandi. Stundum stend ég mig að því að verða svo smitaður af allífinu að mér finnst allt einhvernveginn smella og svona, einmitt svona sé allt rétt. Svo brestur á manni raunveruleikinn sem segir við mann í gegnum skýjahjúp gleðinnar að það sé reyndar til fólk sem er illt. Og ekki bara illt í maganum eða eitthvað slíkt, heldur bara illt. Vill öðrum illt og virðist nærast á því eins og púkinn forðum daga. Fólk sem smjattar á sorgum annarra og sér ekki út fyrir heimóttarlegan illa þenkjandi huga sinn sem snýst í kollsteypum yfir engu sem ætti að skipta máli. Sjálfur hef ég oft lent í þessari ormagryfju en oftast grafið mig upp. Þess vegna ofbýður mér fólk sem hamast í eigin gryfju við að grafa sig dýpra. Þetta hjal ber ekki að lesast sem einhver siðaboðskapur einhvers sem hefur fundið hvað er rétt og hvað er rangt, þetta er bara örstutt játning manns sem veit ekki alltaf í hvorn fótinn hann á að stíga. Annað aftur á móti og ekki í beinu samhengi, þá ætla ég rétt að vona að fólk fari nú og kjósi eftir sinni bestu vitund og geti þá sagt eftirá, ég kaus þetta ekki í staðinn fyrir að skammast yfir því hver vinnur og hafandi ekki nýtt sér kosningaréttinn. Forseta eða þingmeirihluta kjósum við og þeir sem ekki kjósa hafa engin efni á því að vera með kjaft yfir úrslitunum. Óskaplega er þetta tuðgjarn pistill, hugsanlega af því að ég var að koma ofan af Fjarðarheiði, þrisvar næstum búinn að fá bíl í andlitið, keyra í skafl og blótandi (ekki mikið reyndar, hafði lúmskt gaman af þessu) því að vera ekki að fara í gegnum löngu tímabær jarðgöng sem gæti verið búið að grafa með broti af Tortólapeningum fólks sem endist aldrei ævin til að geta notað.

Og með þessu rausi óska ég veröldinni gleðilegs sumars og lýk þessu með litlum orðum sem ég raðaði saman sem unglingur og í tilefni af forsíðumyndinni og sumarkomu og framtíðarvon:

Ég lít í blíðum barnsins augum skærum
Það bros sem geymir mannsins von og heimsins
Og glampi stærstu stjörnu himingeimsins
Fær stigið fram úr gimsteinsaugum tærum.

Sá gimsteinn er ei sorfinn mannsins syndum
Og sorgir hafa ei hvesst hans fögru brúnir
Og enn þar sjást ei hoggnar reiðirúnir
og rof ei finnst af lífsins köldu vindum.

En þó að lítil þroskamerki sjáist
Er þetta barn sú von sem heimsins bíður
Og brosir skært og veifar hönd mót heimi.
Og þó að augna gimsteinsglampi máist
Er geymd hjá mér sú von, er tíminn líður,
Að mannkyn ætíð barnsins gleði geymi.

Góðar stundir og gleðilegt sumar.

Sigurður Ingólfsson.

AUSTURLAND 8. TBL. 5. ÁRGANGUR 2016

ÚTGEFANDI: Pressan ehf. Kringlunni 4-6, 103 Reykjavík. **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Björn Ingi Hrafnsson, netfang: bjorningi@pressan.is, **AUGLÝSINGASTJÓRI:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **AUGLÝSINGAR:** Sími: 578-1190& netfang: auglysingar@fotspor.is. **RITSTJÓRI:** Dr. Sigurður Ingólfsson, sími: 864-2110 & netfang: drsiggi@gmail.com. **UMBROT:** Prentsnið. **PRENTUN:** Landsprent, 4.700 eintök. **DREIFING:** Íslandspóstur.

FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 5.500 EINTÖKUM
Á ÖLL HEIMILI OG FYRIRTÆKI Á AUSTURLANDI.
BLAÐIÐ ER AÐGENGILEGT Á PDF SNIÐI Á VEFNUM WWW.FOTSPOR.IS.

Sendið okkur myndir á „drsiggi@gmail.com“

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði

AB VARAHLUTIR – UMBOÐ EGILSSTÖÐUM

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík
S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

MD VÉLAR ... í þjónustu við útgerðina

Aðal- og hjálparvélar í miklu úrvali ásamt öllu tilheyrandi
Sérhæfð ráðgjöf, viðhalds- og varahlutaþjónusta
Áratuga reynsla og þekking

TIL DÆMIS:
MAS 1350-S Skipsrafstöð
Vél: S12R-MPTAW.
1351 kW við 1500 sn/min 50Hz
Mengunarvottun : IMO2

TIL DÆMIS:
SOLE SM-105 Skrúfuvél
95 Hö við 2500 sn/mín.
Rúmtak: 4,996 ltr.



TIL DÆMIS:
Gerð: S8U-MPTK
1343 kW við 1060 sn/mín.
Borvídd x slaglengd: 240 x 260
Rúmtak: 94,10 ltr.
Mengunarvottun : IMO2

Eigum úrval af viðurkenndum þenslutengjum fyrir röralagnir á lager

MITSUBISHI DIESEL ENGINES

Solé Diesel

MD VÉLAR | Vagnhöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 567 2800 | Fax 567 2806 | hjalti@mdvelar.is | www.mdvelar.is

Mygla í Fellaskóla

Fyrir stuttu fékkst staðfest að myglusvepp væri að finna á efri hæð Fellaskóla. Framkvæmdir hafa staðið þar yfir til að komast fyrir kvillann sem á til að valda óþarfa áhyggjum, stundum þó umtalsverðum óþægindum og jafnvel heilsutjóni, aðallega hjá fólki með skert ónæmiskerfi. Austurland renndi við í Fellaskóla með myndavélina og náði spjalli við Sverri Gestsson skólastjóra og leit aðeins yfir framkvæmdirnar.

- Hvenær varð fyrst vart við myglu í skólanum?

Í nokkurn tíma hafði verið grunur um að myglu væri að finna í þaki á efri hæð skólans og fékkst hann endanlega staðfestur með sýnatökum í nóvember.

- Hvaða áhrif hefur þetta haft á kennsluna?

Fyrst um sinn voru þrjár kennslustofur á efri hæð sem tilheyra Fellaskóla teknar úr umferð og einangraðar og kennslunni komið fyrir á neðri hæð en einnig í húsnæði Hitaveitunnar í næsta húsi. Eftir páska var húsnæði Tónlistarskólans í Fellabæ sem einnig er á efri hæðinni tekið úr umferð og þar sem stutt er eftir af skólaárinu var kennslan endurskipulögð á neðri hæðinni í samvinnu við okkur í grunnskólanum.

- Hefur einhver orðið fyrir einhverju heislutjóni vegna þessa, fólk er jú mismunandi viðkvæmt?

Það er einn kennari í veikindaleyfi og fleiri starfsmenn höfðu fundið fyrir einkennum. Í nokkrum tilfellum þar sem nemendur áttu í hlut var þeim vísað til skólahjúkrunarfræðings en eftir því sem ég best veit liggur ekki ljóst fyrir að um bein tengsl við mygluna hafi verið að ræða. Eins og staðan er núna er engin ástæða til að hafa áhyggjur af þeim svæðum sem nú eru í notkun.

- Hver eru næstu skref?

Um áramótin þegar farið var að kanna ástandið á þaki skólans kom í ljós að til þess að ráða endanlega bót á vandanum þyrfti að rjúfa þakið ofan frá og það er ekki hægt að gera fyrr en skólastarfi lýkur í vor. Í undirbúningi er verkáætlun sem gengur út á að farið verði strax í umfangsmiklar framkvæmdir sem miða að því að bæta loftun við þakið til að koma í veg fyrir að að þessi staða geti komið upp aftur.

- Óháð þessu, hvernig hefur skólastarfið gengið í Fellaskóla?

Að öðru leyti hefur skólastarfið gengið sinn vanagang og einmitt núna þegar þessar línur eru skrifaðar/í þessum orðum töluðum eru kát og útitekin börn að streyma til baka úr Stafdal eftir vel heppnað skíðaferðalag.

Sigurður Ingólfsson

Ufsa- og karfavinnsla í fiskiðjuverinu fram að makríl- og síldarvertíð

Ufsavinnsla hófst í fiskiðjuveri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað sl. fimmtudag en að undanförnu hefur ufsi verið unnin þegar vinnsla á uppsjávarfiski hefur ekki farið fram. Ufsi var til dæmis unninn nokkra daga í janúar áður en loðnuvinnsla hófst og reyndar einnig í örfáa daga í desember. Þar á undan fór ufsavinnsla síðast fram árið 2014. Ráðgert er að vinna einnig karfa í fiskiðjuverinu og er þessa dagana unnið að undirbúningi þeirrar vinnslu.

Tæplega 20 manns starfa nú við ufsavinnsluna en allmargir fastir starfsmenn fiskiðjuversins hafa tekið sér frí. Reyndar er lögð áhersla á að sem flestir fastir starfsmenn hafi lokið sínu sumarleyfi fyrir miðjan júlí. Um þessar mundir er verið að fara yfir umsóknir sumarstarfsmanna en þeir munu væntanlega taka þátt í vinnslu á ufsa og karfa áður en vinnsla á makríl og síld hefst í júlímánuði. Gert er ráð fyrir að sumarstarfsmennirnir geti hafið störf 13. júní.

Ufsavinnsla í fiskiðjuverinu. Ljósm. Hákon Ernuson

BRRRRR...

Stillum og yfirförum ofna, hita- og snjóbræðslukerfi

Pípulagnir Sigurðar

Sími 618-4790 - 700 Egilsstaðir - siggalagnir@gmail.com

Öll almenn pípulagningaþjónusta
Erum á Austurlandi

Héraðsprent

Heilsuvörur úr hafinu
án aukaefna!

„Ég hef notað **HAFKALK Gull** og **HAFKRAFT** frá desember 2013 og er vægast sagt ánægð með vörurnar. Ég hugsa mikið um hvað ég læt ofan í mig því ég er með ofnæmi fyrir ýmsu, m.a. nikkel og hef þar af leiðandi átt erfitt með að finna vítamín og steinefni sem ég þoli en hef ekki fundið nein einkenni eftir að ég fór að nota **HAFKRAFT** og **HAFKALK Gull**.

Ég æfi mikið og er fljótari að jafna mig á milli erfiðra æfinga og þreyta í vöðvum og stirðleiki eftir æfingar er eitthvað sem ég hef ekki fundið fyrir lengi. Einnig fann ég fljótt að sykurlöngun minnkaði til muna sem gerði mér mjög auðvelt fyrir að halda út á ströngu mataræði.“

Sandra Ásgrímsdóttir
Hjúkrunarfræðingur,
einkaþjálfari og bikarmeistari í fitness

HAFKALK Gull - Öflug blanda fyrir beinheilsu

Vottuð náttúruafurð. Inniheldur kalkþörunga úr Arnarfirði styrkta með magnesíum og mangan ásamt D3, K2 (MK7) og C vítamínum.

HAFKRAFTUR - Steinefnablanda gegn orkuleysi

Náttúrulegt magnesíum unnið úr sjó með Sink-L-Aspartate. Inniheldur einnig öflugan skammt af virku B6 vítamíni (P5P) og C vítamíni.

Fæst í lyfja- og heilsuverslunum um land allt

HAFKALK

www.hafkalk.is

Veljum íslenskt ...og allir vinna meira

Góðgerðavika í ME

Austurland hafði samband við formann nemendaráðs Menntaskólans á Egilsstöðum vegna góðgerðavikunnar sem er tiltölulega nýlokið. Rebekka Karlsdóttir, formaður, var svo ljúf að svara spurn Asturlands um hvað hefði eiginlega verið í gangi og hvernig þetta hefði allt farið fram.

„Okkur langaði að láta gott af okkur leiða en á sama tíma búa til góða stemmingu í skólanum og ákváðum við því að láta loksins af því að halda góðgerðaviku en við vorum búin að tala um það lengi. Við skipuðum 4 manna góðgerðaráð sem bar þungann af skipulagningu vikunnar en nemendaráðið kom einnig að þessu. Það einróma vilji fyrir því að láta ágóðann renna til styrktar geðheilbrigðismálum á Austurlandi enda er það málefni sem varðar okkur öll og þarnast mikilla úrbætna. Markmið vikunnar var bæði að safna pening til að styrkja málefnið ásamt því að auka umræðu um geðheilbrigði."

- Og hvaða viðburðir voru, hvernig gekk þetta fyrir sig?

„Það voru fjölbreyttir viðburðir alla vikuna en við byrjuðum á mánudegi því að frumsýna tónlistarmyndband sem nemendur í skólanum gerðu fyrir vikuna og Landsbankinn styrkti. Á þriðjudeginum var svo karnival stemming í skólanum þar sem við seldum kökur, popp og happdrættismiða sem sem hin ýmsu fyrirtæki í bænum hafa styrkt. Þetta gekk ótrúlega vel – mikil stemming og safnaðist hellings peningur!

Á miðvikudeginum hélt Sigurbjörg Lovísa nemendi í skólanum fyrirlestur um sína reynslu af geðheilbrigðisþjónustu og sagði stuttlega frá sínu stöðuga bataferli og um kvöldið var góðgerðacrossfit í Crossfit Austur þar sem gestir greiddu 1000 krónur fyrir æfinguna og rann allur ágóðinn í sjóðinn okkar.

Á fimmtudeginum framkvæmdu nemendur og kennarar áskoranirnar sem búið var að heita á þau til að gera fyrir pening og þar má helst nefna rjómakastið á kennarana, en þar gátu nemendur kastað rjóma í kennarana. Það var líka einn sem gekk í skólann frá Fellabæ alla vikuna og annar spilaði lagið "Aha - take on me" á brókinni í pásunni."

Við lokuðum þessu svo um kvöldið með Góðgerðatónleikum TME sem haldnir voru í annað skipti, en í ár voru þeir með 90's þema og kaffihúsastemmingu þar sem Fellabakarí styrkti okkur um kökur

Það safnaðist 264.000 í vikunni og munum við í samráði við skólayfirvöld og fagaðila ákveða nákvæmlega hvernig best er að þeir peningar nýtist geðheilbrigðisþjónustunni. Reikningurinn er enn opinn fyrir þá sem vilja vera með í að styrkja nauðsynlega starfsemi:

rn. 0305-13-110137
kt. 440283-0479

Okkur langar að koma til skila þökkum til allra þeirra sem komu að þessu með einum eða öðrum hætti – þessi vika er án efa komin til að vera!

Austurland óskar Menntskælingum til hamingju með átakið

Sigurður Ingólfsson

Góðgerðaráð ME frá vinstri: Emilía Sól Guðgeirsdóttir, Ásgerður Hlín Þrastardottir, Andrea Rós Beck Helgadóttir og Rebekka Karlsdóttir

Sigurbjörg Lovísa Árnadóttir á fyrirlestri sínum um geðheilbrigðisþjónustu

Hem

Hemaðir pollar bíða átekta eftir aprílsólinni.

Björn Ingólfsson

Gull, silfur og Steinunn Kristjánsdóttir

- Fyrirlestur í Skriðuklaustri

Sumardaginn fyrsta, 21. apríl kl. 16, heldur dr. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur erindi á Skriðuklaustri undir heitinu: Gull, silfur og fleiri góðmálmar. Í því mun hún fjalla um nýjustu rannsóknir á beinasafni Skriðuklausturs sem hafa leitt í ljós óvenjuhátt hlutfall þungmálma í beinum. Einnig mun hún segja frá leit sinni í Kaupmannahöfn að skjölum sem geta varpað ljósi á hvert gripir og góðmálmar úr klaustrunum voru fluttir eftir siðaskiptin. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Kaffihlaðborð er hjá Klausturkaffi á undan fyrirlestrinum.

IX

Møre og Romsdal

Sumarið 2015

Það voraði seint í N-Noregi og manni fannst heldur ekki að jarðarberin ætluðu nokkurn tíma að koma í verslanir sunnar í landinu. Eitthvað verður að gera þar sem ég er staddur í Kristiansundi í góðu yfirlæti hjá vinafólki sem alltaf er jafn gaman að heimsækja. Hjónin, Frank og Ásta, hún íslensk eru umferðareftirlitsmenn hjá norsku Vegagerðinni og unginn þeirra þriðji og síðasti nýfloginn úr hreiðrinu. Kristiansund er eins og nafnið bendir til kaupstaður út við hafið á stærð við Akureyri með mikla verslunar- og útgerðarsögu. Þetta er fallegur bær í miðju Norður-Mæri eins nafnið er í gömlum íslenskum ritum. Allt skartar héraðið fallegu og sérstöku landslagi, hvort heldur er út við sjóinn eða inn til landsins. Þess vegna er ekkert að því að seinnka ferðinni norður í Lappland upp Svíðjóð yfir Finnland og til Finnmerkur en þangað er ferðinni heitið að þessu sinni. Upplagt að nota því tímann og heimsækja „Nesset“ og sjá hvar Bjørnstjerne Bjørnson átti heima frá 5 ára aldri. Maðurinn sem kallaður er einn af þeim“Fjórum Stóru“ í Noregi og á texta norska þjóðsöngsins og hlaut Nobelsverðlaunin 1903. Kirkjustaðurinn að Nesset, þar sem faðir Bjørnstjerne fluttist til embættisstarfa er í Tingvollfjorden en ein af sveitum N-Mæris heitir einmitt Tingvoll og samnefndur bær er svo við fjörðinn að norðan verðu. Því má segja að víða séu Þingvellirnir. Á“Nesset“ má fræðast um starf prestsins Peder Bjørnson og að Bjørnstjerne er alfarinn þaðan 1844 til Molde, þar sem hann hefur sitt nám og framtíð hans er mörkuð. Ég fæ fyrirtaks leiðsögn um prestssetrið, þar sem Bjørn leiðsögumaður er með mig einan og ekki var það slæmt að vera íslenskur, ágætlega talandi á norsku - og að hann sjálfur fyrirhugaði ferð til Íslands eftir rúma viku. Eins og ýjað er að fékk ég greinargóðar skýringar og alla veitta athygli. Bjørn, fræðir mig t.d. á því að í æsku er Bjørnstjerne viðstaddur aftöku. Sakamaður lútir fram yfir sig og leggst síðan á tréplanka með útrétta arma og er síðan hálshogginn. Bjørn, segir svo eftir stutta þögn, að sjá megi í skrifum Bjørnstjerne hve mikil áhrif þessi harðneskja hefur haft á unglinginn. - Það er ekki laust við að safngestur fái gæsahúð, svo rennur atburður sem þessi honum til rifja.

En tíminn líður hratt og er því best er að slá í klárinn og sjá hvernig umhorfs er í Eresfjorden og Eikesdalen. Fara upp Aura í gegnum einbreið, lág og óupplýst jarðgöng. Já, allt er nú til - og þetta kostar en samt enginn er til að innheimta, nema niðri í botni dalsins þar sem er lokunarslá og til að hún lyftist þarf að stinga kredit-korti í rifu og þá getur klifrið hafist og má segja að sjalda ef nokkurn tíma hefur maður farið jafn mikinn og ævintýranlegan veg og vegstæði. Vil endilega benda á þessa leið að menn fari hana en tek fram að er ekki fyrir bílhrædda, ehh. . . ekki mikið bílhrædda. Eftir að yfir heiðina er komið liggur leiðin meðfram Osvatnet, niður Litledalen til Sunndalsøra og nú út með Tingvollfjorden og til Kristiansund. Svona dagsferðir eru ómetanlegar og land sem Noregur býður endalaust upp á slíka túra. Allt of margir láta það nægja að fara til helstu borga á ferðalögum sínum, sem er í sjálfu sér ágætt en það er óviðjafnalegt að kynnast fólkinu sem býr í sveitunum og alltaf tilbúið að segja frá því markverðasta. Gesturinn þykir líka áhugaverður hjá heimafólki og upplagt að fræðast líka af honum og um hann.

Gleðilegt sumar,
Helgi Sigfússon

Fellbæingur í mynd

Austurland náði spjalli við ljósmyndara blaðsins í dag, Marínó Flóvent og forvitnaðist aðeins um manninn:

- Hvað ertu að bardúsa þessa dagana?

Ég er aðallega í því að taka myndir. Það helsta sem ég er að gera er að taka portrait af starfsfólki fyrir fyrirtæki og taka myndir fyrir auglýsingar og svo inná milli er ég að slaka á með fjölskyldunni og vinna að eigin myndatökum til þess að gera.

Mikið af þessum myndum sem ég sendi þér er úr eigin verkefnum sem ég hef verið að vinna í sjálfur, en nokkrar eru auglýsingar fyrir fyrirtæki í Argentínu, sem ég er buin að vera að vinna aðeins fyrir.

- Segðu mér frá því!

Einn eigandi á því fyrirtæki sem heitir Moul, sá eina af Star Wars myndunum mínum á netinu (sú sería fór "viral" og fékk um 2miljón veiw á tumblr, instagram og fleira. Í horninu á myndini var watermark, svo hún fór að googla M. Flóvent og gróf einhverstaðar upp emailið mitt (þar sem ég var ekki með heimasíðu þá) Svo næsta sem ég veit er að ég fæ email frá þeim og þau boða mig á skype fund.

Og ég fékk frelsi til að gera það sem ég vil svo lengi sem þeirra vörur sjást á myndunum og þau sérhæfa sig í sokkum! Mjög flottum sokkum, svo þegar allt var komið á hreint þar fékk ég sendan til landsins stóran flottan trékassa sem var buið að grafa logoið í og honum vorur 70 pör af sokkum!

Ég geri auglýsingar fyrir þau í febrúar og nóvember 2015 og er að vinna í nýrri töku núna sem verður í maí.

- Þetta er dálítið svalt! En annars, fyrst að þau heillast af þessu, myndirðu segja að þú værir með persónulegan stíl og þá kannski hvernig?

Já ég er búin að búa mér til svoldið "look" á myndirnar, veit ekki alveg hvernig er best að lýsa því sjálfur en hann er svoldið „dark“, vanalega eru myndirnar frekar litlausar eða daufir litir og miklir skuggar, veit ekki hvernig ég get lýst þessu. Frekar „dark“ áferð á myndunum, svona eins og úr eitthverskonar myrku ævintýri.

- Samt einmitt dálítill kontrast í skuggunum miðað við hálfgerðan þokuslæðing, er það ekki?

Já passar!

- Hefurðu í þig og á með ljósmyndauninni?

Ha?

- Hehehe! Framtíðaráform?

Ég stefni á að verða betri ljósmyndari og koma mér meira inní auglýsingarbransan, einnig langar mig að gefa út ljósmyndabók með þessum persónulegu verkefnum sem eg hef verið að vinna í og í augnablikinu er ég að byrja að vinna í ljósmyndasýningu.

Marínó Flóvent.

Hugmyndin er komin, nú þarf bara að mynda, prenta, og finna flottan sal, stefni á að setja hana upp í byrjun 2017.

Austurland þakkar Marínó Flóvent spjallið og óskar honum góðs gengis í framtíðinni, Takk.

Fyrir þá sem vilja skoða meira: www. mflovent.com

Sigurður Ingólfsson

Vélar og tæki Sjómenn

Áhaldaleiga Austurlands á Reyðarfirði er nýr umboðsaðili á austurlandi

STEMA

Þýskar Stema kerrur á frábæru verði

Box: 257x134x150
Heildarburður: 1300 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 887 kg
Verð án vsk: kr. 549.000,-

Box: 421x202x245
Heildarburður: 2000 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 1668 kg
Verð án vsk: 999.000,-

Stema bílakerrur Kr. 120.000,- án vsk

Stema Basic 750 kg fólksbílakerrur eru væntanlegar í lok apríl.Mikið úrval aukahluta.

Stærð á palli: 201x108 cm
Heildarstærð: 292x150x87
Burður: 615 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 135 kg

Stema flutningavagnar Frá kr. 549.000,- án vsk

Stema 2700/3500 kg flutningavagnar á frábæru verði. Með hliðarborðum, skráningu og tilbúnir til notkunar.

	2700	3500
Pallstærð:	401x203	401x203 cm
Stærð:	568 x 216 x 70 cm	
Dekk:	4 x 13"	4 x 13"
Þyngd:	466 kg	466 kg
Burður:	2234 kg	3034 kg

Stema sturtuvagnar Frá kr. 699.000,- án vsk

Stema 2700 kg sturtuvagnar með/án rafdrifinnar vökvadælu. Stema 2700 sturtuvagna með sturtu aftur/hliðar.

Stærð á palli: 301x153 cm
Heildarstærð: 441 x 166 x 70 cm
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg

Stema bílavagnar Kr. 849.000,- án vsk

Stema 3500 bílavagnar með sliskjum, hallanlegum palli og spili til að draga tæki upp á sig.

Stærð á palli: 400x201 cm
Heildarstærð: 599x210x73 cm
Burður: 2660 kg
Dekkjastærð: 13"
Þyngd: 840 kg

GTM Professional sláttuvélar á hagstæðu verði

Afkastamiklar, þægilegar og vandaðar sláttuvélar

BRIGGS&STRATTON

GTM PROFESSIONAL

GTM 560 6 hestöfl

Verð Kr. 69.900,- Sjálfkeyrandi

6 hp B&S 450 (190 cc)
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd er 56 cm
Sláttuhæð 30-75 mm
70 lítra safnpoki
Þyngd 45 kg

GTM 400 3,5 hestöfl

Verð Kr. 39.900,-

3,5 hö B&S 450 á stálramma
Stillanlegt handfang
180/180 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd 40 cm
Sláttuhæð 25-75 mm
Safnpoki 45 lítra
Þyngd 23 kg

GTM 460 4 hestöfl

Verð Kr. 59.900,- Sjálfkeyrandi

4 hö B&S 500F
Stillanlegt handfang
Stór 203/280 mm hjól
Tvöfaldar hjólalegur
Sláttubreidd er 46 cm
Sláttuhæð er 30-75 mm
Safnpoki er 60 lítra
Þyngd er 31 kg

Áhaldaleiga Austurlands Nesbraut 2
730 Reyðarfjörður - Sími: 8947081/8537081

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL

Hljóðlátar viftur
Fyrir heimili og hótel

Rakatæki

Tilboð frá kr 17.990

+ Svissnesk

Þakblásarar

Kælar - frystar
Allar stærðir - með eða án vélakerfa

Hitavír
Í þakrennur, frostvörn eða vatnslagnir.

Tilboð frá kr 1.450

Þurrktæki
Er rakastigið of hátt?

Tilboð frá kr 44.990

Varmaendurvinnsla
Endurnota hita hússins

Kælikerfi - frystikerfi

Rakamælir
Er hætta á myglusvepp?
Hvert er rakastigið?

Tilboð kr 4.990

Iðnaðarviftur
-Úrval af stærðum og gerðum

Veggblásari
Öflugir útiblásarar

Tilboð frá kr 29.990

Blikktengi

íshúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur ● www.ishusid.is

viftur.is
-andaðu léttar

VORTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

www.volundarhus.is

70 mm bjálki / Tvöföld nótun

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25 m²
með 9 m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.699.900,- án fylgihluta.
kr. 1.999.900,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu **volundarhus.is**

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

Staðgreiðslulán · VISA Lán

34 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 4,4m²
kr. 169.900,- án fylgihluta
kr. 199.900,- m/fylgihlutum

34 mm bjálki / Tvöföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9 m² - án gólfs
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 309.900,- m/fylgihlutum

28 mm bjálki / Einföld nótun

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

VH/16-01

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Kolmunna-farmarnir berast til verksmiðjanna

600 tonna kolmunnahol hjá Berki NK.

Segja má að fínasta kolmunnaveiði hafi verið í færeysku lögsögunni síðustu dagana og hefur mikill afli borist til fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar í Neskaupstað og á Seyðisfirði. Að vísu er núna bræla á miðunum og skipin ekki að veiðum.

Beitir NK landaði rúmlega 2900 tonnum í Neskaupstað aðfaranótt föstudags og hélt til veiða strax að löndun lokinni. Skipið kom á miðin seint á laugardag og fékk strax 600 tonna hol eftir að hafa togað í 18 tíma. Í kjölfarið fengust síðan 240 tonn eftir 5 tíma en þá skall brælan á.

Börkur NK kom til Neskaupstaðar á mánudagsmorgun síðasta með um 2300 tonn sem fengust í fimm holum.

Bjarni Ólafsson AK landaði 1600 tonnum á Seyðisfirði sl. föstudag og í nótt landaði Vilhelm Þorsteinsson EA rúmlega 2100 tonnum þar. Í kjölfar Vilhelms kom Hákon EA og er hann að landa um 1300 tonnum.

Það eru annir hjá starfsmönnum fiskimjölsverksmiðjanna í Neskaupstað og á Seyðisfirði um þessar mundir. Gunnar Sverrisson, rekstrarstjóri fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar, segir að kolmunninn sem nú berst að landi sé hið þokkalegasta hráefni og vinnsla á honum gangi mjög vel.

Mynd: Atli Rúnar Eysteinsson

Átta umsóknir bárust um starf skólameistara ME

Umsóknarfrestur um stöðu skólameistara við Menntaskólans á Egilsstöðum rann út mánudaginn 8. apríl sl. Mennta- og menningarmálaráðuneyti bárust átta umsóknir um stöðuna, þar af ein frá konu og sjö frá körlum. Umsækjendur eru:

Árni Ólason, áfangastjóri,

Birgir Jónsson, sviðsstjóri,

Eyjólfur Pétur Hafstein, grunnskólakennari,

Hamidreza Jamshidnia, rannsakandi og sérfræðingur,

Kristian Guttesen,

Magnús Kristjánsson, framhaldsskólakennari,

Sigrún Hólm Þorleifsdóttir, framhaldsskólakennari,

Sigurður Þórður Ragnarsson, framhaldsskólakennari.

Miðað er við að mennta- og menningarmálaráðherra skipi í stöðuna til fimm ára frá 1. ágúst 2016, að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar, segir í fréttatilkynningu.

Formannafundur Landsbjargar á Egilsstöðum

Laugardaginn 16. apríl, var formannafundur Slysavarnafélagsins Landsbjargar haldinn á Egilsstöðum. Um 100 formenn eininga félagsins eða fulltrúar þeirra sátu fundinn auk stjórnar og starfsfólks. Formannafundir eru nýttir til skrafs og ráðagerða en hafa ekki formlegt vald til ákvarðanatöku fyrir hönd félagsins.

Farið var yfir ýmis mál og hluta dagsins var hópnum skipt og farið umræðuhópa um slysavarnamál annars vegar og björgunarmál hins vegar. Austurland labbaði við með myndavélina og smellti aðeins af þessum föngulega hópi. Aldrei verður nægileg áhersla lögð á starfsemi þessa fólks né því almennilega þakkað.

Sigurður Ingólfsson

Óskum öllum launþegum á Íslandi til hamingju með baráttudag verkalýðsins 1. maí

ÖGURVÍK

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna

SVN Síldarvinnslan hf

HB GRANDI

LA LAUNAFL

HORNAFJÖRÐUR

Skinney - Þinganes hf

Seyðisfjarðar-kaupstaður

HEF HITAVEITA EGILSSTAÐA OG FELLA

BRÚNÁS innréttingar

ESKJA

Andri Snær Magnason á Seyðisfirði

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

VELKOMIN Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐ!

GESTASTOFUR

Gestastofur Vatnajökulsþjóðgarðs eru upplýsinga- og þjónustumiðstöðvar fyrir þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans. Gestastofurnar eru jafnframt miðstöðvar fræðslu þar sem náttúru, menningu og sögu er miðlað til gesta í sýningum, fyrirlestrum og gönguferðum með landvörðum.

Gestastofur þjóðgarðsins eru: SKAFTAFELLSSTOFA í Skaftafelli, SNÆFELLSSTOFA á Skriðuklaustri, GLJÚFRASTOFA í Ásbyrgi og GAMLABÚÐ á Höfn.

Auk gestastofanna er yfir sumartímann starfrækt upplýsingastofa á Kirkjubæjarklaustri.

UPPLIFÐU ÆVINTÝRI Í VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐI!

PORT hönnun

Á vefnum www.vjp.is má finna allar helstu upplýsingar um Vatnajökulsþjóðgarð

ELVIS YRKIR

Elvis var eitthvað að velta því fyrir sér hvað þetta fólk sem á svo mikið af peningum að það gæti ekki einu sinni etið fyrir þá mat fyrir nokkrar mannsæfir, ætti mikið líf. Hann velti því fyrir sér hvort að líf þessa fólks væri í gámavís að bíða eftir notkun. Svo hugsaði hann með sér að auðvitað væri hollt og gott að eiga nógu mikið þegar líkaminn gefur sig og geta hugsað með sér af einskærum gulli slegnum fögnuði að lífið manns sé haganlega varðveitt í bankahólfi eða gámi. Í framhjáhlaupi minnti hann mig á eina kind afa míns, Sigurðar, sem hét Njóla, kolsvört og falleg. Njóla þýðir nótt, ef einhver gæti verið að velta því fyrir sér.

Úti er endalaus njóla
Og einhver á spani að hjóla
En ég á mér líf
Og í andanum svíf
Í geymslu í gám á Tortóla.

MJÚKT OG HREINT FYRIR GÓÐA GESTI

Fastus býður upp á vandað lín s.s. handklæði, þvottastykki og baðmottur, vönduð 250 þráða sængur- og koddaver fyrir hótel, ferðaþjónustur og heilbrigðisstofnanir á sanngjörnu verði

Hafðu samband í síma 580 3900. Sölufólk okkar aðstoðar þig með ánægju.

ÖFLUGT PAR FRÁ ELECTROLUX

Þvottavél og þurrkari fyrir smærri ferðaþjónustur, fyrirtæki og stærri heimili.

- 8kg þvottavél og þurrkari, sem eru helmingi fljótari að þvo og þurrka þvott en almennar heimilisvélar.
- Þvottavélin býður uppá fjölda þvottakerfa, þar á meðal þvottakerfi fyrir moppur og sótthreinsandi þvottakerfi.
- Þreföld ending miðað við almennar heimilisvélar.
- Gæðavélar á hagstæðu verði.

myPRO

Mikill orkusparnaður felst í nýju myPRO línunni frá Electrolux. Einfalt reikningsdæmi - þvottavélin getur borgað sig upp á skömmum tíma.

FASTUS Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16
Opið mán - fös 8:30 - 17:00

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS

55” sjónvörpin eru vinælasta stærðin

Um 50% Íslendinga nefna SAMSUNG, þegar þeir eru spurðir hvaða sjónvarpsmerki þeim detti fyrst í hug.

SUHDTV 4K
4x betri upplausn,
Nanokristal-tækni,
64x fleiri litir,
30% meiri birta.

55” Samsung JS9005

399.900,-

55” Samsung JU6675

249.900.-

55” Samsung JU6415

239.900.-

ULTRA HD

4x betri upplausn, Smart TV, Netflix ofl., Öll tæki í einni og sömu fjarstýringunni. Upplifðu meiri dýpt í bognu tæki (JU7505) UHD uppskölun.

55” Samsung JU7505

299.900.-

55” Samsung JU7005

269.900.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	**TÆKNIBORG** BORGARNESI SÍMI 422 2211	**OMNIS** AKRANESI SÍMI 433 0300	**BLÓMSTURVELLIR** HELLISSANDI SÍMI 436 6655